



Félag vélstjóra og málmtæknim
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Kt. 530169- 5299

Reykjavík, 8.1.2020

Tilvísun: 20191104574

T-alm. 1/2020

Efni: Félagsjald til hestamannafélags – er styrkur til að mæta kostnaði skattfrjáls?

Vísað er til fyrirspurnar er barst ríkisskattstjóra hinn 26. nóvember 2019 þar sem óskað er upplýsinga um það hvort nýta megi styrk vegna íþróttaiðkunar í félagsjald hjá hestamannafélagi. Bent er á að hestamannafélagið sé aðili að ÍSÍ og að með félagsaðild geti hann stundað íþróttina innandyra sé veður slæmt.

Þrátt fyrir orðalag í fyrirspurninni verður að gera ráð fyrir að hún varði það hvort greiddur styrkur sé skattfrjáls skv. skattmati sé honum varið til greiðslu félagsjál达 hjá hestamannafélagi.

Í tilefni af fyrirspurninni tekur ríkisskattstjóri eftirfarandi fram:

Tekjuhugtak laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er mjög rúmt og tekur til hvers konar gæða sem skattaðila hlutnast og metin verða til peningaverðs óháð því hvaðan þær stafa og í hvaða formi þær eru „....með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir ...“, sbr. upphafsákvæði 7. gr. laganna. Í sérstökum stafliðum greinarinnar eru síðan í dæmaskyni taldar upp tilteknar tegundir tekna sem skattskyldar eru samkvæmt lögunum. Styrkir eru skattskyldir samkvæmt 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Undanþágur frá skattskyldu fela í sér undantekningar frá meginreglu um skattskyldu og ber sem slíkar að skýra þróngt og aldrei rýmri skýringu en orðalag beinlínis gefur tilefni til.

Í 118. gr. laga nr. 90/2003, segir að í upphafi hvers árs skuli ríkisskattstjóri að fenginni staðfestingu ráðherra gefa út reglur um mat á hlunnindum, sbr. 7. gr., og öðrum tekjum og frádrætti sem meta þurfi til verðs samkvæmt lögunum. Skattmat tekur almennt ekki miklum breytingum á milli ára. Hafa verður þó í huga að skattmatið kann að taka breytingum og því mikilvægt að taka mið af gildandi skattmati hverju sinni.

Í lið 2.9 í skattmati vegna tekna manna tekjuárið 2019 er fjallað um styrki til heilsuræktar. Þar segir:

„Ekki skal telja til tekna starfsmanns greiðslu frá launagreiðanda, eða eftir atvikum stéttarfélagi, sem ætlað er að standa straum af kostnaði við íþróttaiðkun og aðra heilsurækt að því marki sem slik greiðsla fer ekki yfir 60.000 kr. á ári. Skilyrði er að starfsmaður leggi fram fullgilda og óvefengjanlega reikninga fyrir greiðslu á viðkomandi kostnaði. Með kostnaði við íþróttaiðkun og heilsurækt er átt við greiðslu á aðgangi að líkamsræktarstöðvum, sundlaugum

og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfsklúbba sem og þáttökugjöld vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti. Einnig fellur hér undir kostnaður við aðra heilsurækt eins og t.d. jóga og annar sambærilegur kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna endurhæfingar.“

Samkvæmt framansögðu er það hvorki skilyrði fyrir skattfrelni styrkja til heilsuræktar að hann sé nýttur á móti kostnaði vegna ástundunar viðurkenndrar íþróttagreinar né tekið fram að styrkir til að mæta slíkum kostnaði séu undanþegnir skattskyldu í öllum tilvikum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að afmörkun þess hvað telst íþróttagrein og hvað telst vera heilsurækt kann að vera með ólíkum hætti þótt skörun kunna að vera talsverð. Þannig er þílukast af mörgum talið til íþróttar þótt það hafi ekki verið viðurkennt sem íþróttagrein af ÍSÍ sem stendur. Ákvörðun þess hvort styrkir til að mæta kostnaði við þá íþrótt teldist eiga undir lið 2.9 í skattmati myndi hins vegar ekki velta á því hvort sú íþrótt væri viðurkennd af ÍSÍ eða ekki heldur yrði að leggja sérstakt mat á það hvort um væri að ræða íþróttaiðkun í skilningi skattmatsins. Líkt og lesa má af fyrirsögn umrædds liðar skattmatsins og inntaki þess að öðru leyti er skattfrelni afmarkað við heilsurækt.

Hugtakið heilsurækt er ekki sérstaklega skilgreint í skattmatinu og leiða verður því merkingu þess af samhenginu, enda kann afmörkun þess að vera með mjög ólíkum hætti hverju sinni. Af orðalagi umrædds liðar skattmatsins verður ráðið að honum er ætlað að ná til ræktunar á líkamlegu heilbrigði styrkþega. Þannig er tekið fram að átt sé við „...greiðslu á aðgangi að likamsræktarstöðvum, sundlaugum og skíðasvæðum, greiðslu á æfingagjöldum í íþróttasali og félagsgjöldum í golfsklúbba sem og þáttökugjöld vegna annarrar hreyfingar sem stunduð er með reglubundnum hætti. Einnig fellur hér undir kostnaður við aðra heilsurækt eins og t.d. jóga og annar sambærilegur kostnaður, þ.m.t. kostnaður vegna endurhæfingar.“ Að mati ríkisskattstjóra eru hestaíþróttir ekki af þeim toga sem heyrir hér undir og því verður ekki fallist að styrkir sem er ætlað að mæta kostnaði við þá íþrótt séu undanþegnir skattskyldu.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Elín Alma Arthursdóttir


Ragnheiður Björnsdóttir